

Fundargerð samráðsnefndar um stafræna þjónustu ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga (Sambandsins)

Dags. 13.09.2022, kl. 15:00 – 5.fundur

Mætt á fundinn:

Einar G. Thoroddsen, Fjóla María Ágústsdóttir, Árni Sverrir Hafsteinsson, Óskar Sandholt, Karen M. Jónsdóttir, Hólmfríður S. Jónsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Kortlagning verkefna
 - a. búið er að koma upp sameiginlegu Sharepoint vefsvæði
 - b. hópurinn hefur byrjað að stilla upp aðgerðum / verkefnum sem snerta opinbera aðila þvert á stjórnsýslustig
3. Verkefni með sameiginlega snertifleti milli stjórnsýslustiga

Umræða um lífsviðburði og hvort sú nálgun gæti verið heppilegri í því að skoða þá sameiginlegu snertifleti milli stjórnsýslustiga. Dæmi um slíka ferla eru:

- Byrja í skóla fyrir þau sem ekki hafa íslenska kennitölu
- Fráflæði veikra eldri borgara úr heilbrigðiskerfi yfir á hjúkrunarheimili og öfugt með tilheyrandi flækjustigi
- Leyfi veitingastaða af ólíkum toga, s.s. rekstrarleyfi – grunnvinna til hjá Stafrænu Íslandi.
- Móttaka flóttamanna
- Gögn um einstaklinga sem annars vegar eru vistuð á héraðsskjalasöfnum og hins vegar á Þjóðskjalasafni
- Heildstæð upplýsingamiðlun um lífsviðburði bæði hjá ríki og sveitarfélögum á einum stað
- Leyfi til viðburðahalds – framkvæmdaleyfi eru hjá sveitarfélagi en krefst mögulega aðkomu lögreglu eða fleiri viðbragðsaðila á vegum ríkisins, s.s. Landspítala
- Leyfi til kvikmyndatöku – felur í sér blöndu af leyfum milli stjórnsýslustiga
- Byggingargátt – mikil vinna skapast hjá sveitarfélögum við skráningu.
- Félagsleg heimaþjónusta sveitarfélags og heimaþjónustu ríkisins
- Fólk með fötlun: Umsóknir um þjónustu styrkir frá ríki, og stuðningur frá sveitarfélagi, aldur, skólar og allt í tengt við þau börn sem eiga við fötlun að stríða. Örugglega einnig eldri einstaklinga.
- Ríkisborgararéttur. Hluti umsóknar krefst aðkomu og skjala frá sveitarfélagi og hinn hlutinn aðkomu og skjöl ríkisins.
- Samræmdur nemendagrunnur um börn, allt frá leikskóla, upp í grunnskóla, upp í framhaldsskóla.
- Úrgangsmál og hringrásarhagkerfið.

Hópurinn mun kalla fleiri að úr stofnunum sem hafa mögulega með erfiða snertifleti að gera. Markmið fundarins er því að draga fram fleiri ferla, ítra þá upp að vissu marki og forgangsraða verkefnum sem æskilegast er að ráðast í. Finna þarf ferla / lífsviðburði sem nú þegar hafa mögulega verið kortlagðir. Finna þarf mælikvarða sem stýra forgangsröðun í framkvæmd. Þeir mælikvarðar gætu t.d. verið:

- Fjöldi notenda sem þjónustan snertir árlega / mánaðarlega
- Kostnaður pr. þjónustuveitingu
- Óhagræði / flækjustig fyrir notendur

Hópurinn afréð að finna einstakling til að stýra vinnunni á framhaldsfundinum.

Upplýst var að Kólibrí vinnur kynningu um sambærileg verkefni sem hafa sameiginlega snertifleti milli stjórnsýslustiganna.

4. Kynning á innleiðingu stafræna pósthólfisins

Hólmfríður kynnti stafræna pósthólfið, innleiðingaráætlun og í hvað henni felst. Jafnframt hvað felst í lögunum um stafræna pósthólfið og hvað stofnanir og sveitarfélög þurfa að gera til að byrja að afhenda gögn í pósthólfið.

Kynningu Hólmfríðar má finna í Teams möppu samráðsnefndar.

Næsti fundur bókaður 11.10.2022 kl. 15:00-17:00.

Annað var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 16:00.